



Skólareglur Brekkuskóla

- Umgengnisreglur og skýr mörk -



Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
SKÓLAREGLUR BREKKUSKÓLA	3
ALMENNAR UMGENGNSREGLUR	8
LEIÐIR UPPBYGGINGASTEFNUNNAR VARÐANDI UMGENGNI OG SKÝR MÖRK	9
HVAÐ ER ÆSKILEG HEGÐUN?	9
DÆMI UM ÆSKILEGA HEGÐUN NEMANDA	9
HVAÐ ER ÓÁSÆTTANLEG HEGÐUN?	10
DÆMI UM ÓÁSÆTTANLEGA HEGÐUN NEMANDA	10
LÖGBROT	10
SKRÁNINGAR Í MENTOR	10
VIÐ SETJUM SKÝR MÖRK	11
HVAÐ GERIST EF HEGÐUN ER ÓÁSÆTTANLEG?	11
LEIÐ 1 - LEIÐ TIL LAUSNAR – UPPBYGGING	12
DÆMI UM UPPBYGGINGU	13
LEIÐ 2 - ENDURTEKIN ÓÁSÆTTANLEG HEGÐUN	14
ÞARFAHRINGURINN	15

INNGANGUR

Samskipta og umgengisreglur þessar eru grundvallaðar af leiðarljósi Brekkuskóla en einnig hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar sem kennd er við Diane Gossen. Þessu til viðbótar er stuðst við áætlun um forvarnir gegn einelti sem styður mjög vel við uppbyggingarstefnuna. Jafnréttisáætlun skólans er einnig lögð til grundvallar í skólastarfinu.

Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Hún kennir sjálfstjórn, sjálfsaga og eflir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Lögð er áhersla á að byggja einstaklinginn upp, að hann þekki þarfir sínar og uppfylli þær án þess að meiða aðra.

Í Brekkuskóla er jafnan stuðlað að jákvæðum skólabrag þar sem starfsmenn vinna með sameiginlega sýn að leiðarljósi sem felst einkum í eftirfarandi gildum:

- **Menntun;** Við leggjum metnað í nám og kennslu. Við viljum að námið sé fjölbreytt og skapandi. Öll þurfum við að finna tilgang með vinnu okkar, fá tækifæri til að hafa áhrif og láta ljós okkar skína.
- **Gleði;** Skólinn er ekki bara undirbúningur fyrir lífið, heldur hluti af lífinu sjálfu. Því er lögð áhersla á að lífsgleði og starfsgleði setji mark sitt á allt skólastarfið. Til þess að svo megi verða þurfum við að vera örugg og okkur þarf að líða vel á vinnustaðnum.
- **Umhyggja;** Brekkuskóli er samfélag þar sem við stöndum saman og sýnum umhyggju. Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað.
- **Framfarir;** Allir sem innan skólans starfa að því að þroskast og dafna í námi, starfi og

sem persónur svo og að aðstoða aðra við það. Ekki þurfa allir að taka jöfnum framförum heldur er tekið mið af stöðu hvers og eins. Þetta gerum við með því að setja okkur sífellt ný markmið og mæla hvernig okkur tekst að ná þeim. Þannig tekur stofnunin í heild einnig framförum og stefnir ætíð að því að vera skóli sem lærir.

SKÓLAREGLUR BREKKUSKÓLA

Regla 1: Nemendur og aðstandendur þeirra bera sameiginlega ábyrgð á náminu og sýna námi annarra virðingu.

Regla 1 - Nánari útfærsla

Námsástundun

- a. Nemendur mæta undirbúnir í kennslustund og hafa meðferðis viðeigandi námsgögn.
- b. Nemendur sinna náminu og lúta verkstjórн kennara og stuðningsfulltrúa.
- c. Nemendur virða vinnufrið, eru vinnusamir og leggja sitt af mörkum til að auka gæði starfsins.

Viðbrögð: Ef ástundun á námi er ábótavant:

- i. Kennari ræðir við nemanda. Skráir niðurstöður samtals í dagbók Mentor.
- ii. Kennari hefur samband við aðstandendur. Skráir niðurstöður samtals í dagbók Mentor, upplýsir umsjónarkennara og eftir atvikum skólastjórнanda um eðli málssins.
- iii. Leysist málið ekki boðar umsjónarkennari aðstandendur og nemanda á fund ásamt námsráðgjafa/sérkennara/skólastjórнendum eftir atvikum. Fundar getið í dagbók í Mentor.

Ábyrgð á námi

- d. Þegar tveir eða fleiri vinna saman að verkefni bera þeir sameiginlega ábyrgð og hver og einn leggur sitt af mörkum.
- e. Nemendur koma úthvíldir í skólann og tilbúnir að takast á við verkefni dagsins.
- f. Nemendur hafa rétt við í prófum og skila eigin efni í verkefnum og ritgerðum á tilsettum tíma.

Viðbrögð: Ef nemandi hefur rangt við í prófum eða skilar ekki eigin efni á tilsettum tíma:

- i. Nemandinn fær prófið/verkefnið ekki metið. Litið svo á að verkefni hafi ekki verið skilað eða nemandi hafi verið fjarverandi úr prófi án gildra ástæðna.
- ii. Kennari hefur samband við aðstandendur. Skráir niðurstöður samtals í dagbók Mentor, upplýsir umsjónarkennara.
- iii. Verði um ítrekuð brot að ræða boðar umsjónarkennari/kennari aðstandendur og nemandi á fund ásamt námsráðgjafa/sérkennara/skólastjórнendum eftir atvikum. Undirrituð fundargerð sett í persónumöppu nemandi. Fundar getið í dagbók Mentor.

Ef ofangreind atriði í reglu 1 leiða ekki af sér ásættanlega lausn:

1. Skólastjóri/umsjónarkennari tilkynnir lausnateymi formlega um málið, sem tekur það til umfjöllunar. Aðstandendur upplýstir. Tilkynningar getið í dagbók Mentor.
2. Finnist ekki farvegur innan skólans er leitað aðstoðar utan skólans hjá stoðþjónustu Akureyrarbæjar.

Regla 2: Nemendur mega ekki nota síma eða önnur símtæki í kennslustundum án leyfis, símar nemenda, hljómtæki og sambærilegur búnaður skal ekki vera sýnilegur í kennslustofu.

Regla 2 – Nánari útfærsla

- a. Nemendur mega ekki nota síma í kennslustundum án leyfis. Í undantekningartilfellum getur kennari veitt nemanda/nemendum leyfi fyrir notkun.

Viðbrögð: Ef sími er sýnilegur eða notaður án leyfis:

Í kennslustund:

1. – 7. bekkur:

- i. Kennari geymir símann og nemandi getur sótt hann í lok dags.

8. - 10. bekkur:

- ii. Nemandi geymir síma í símahótelí eða skáp nemanda og sækir í lok kennslustundar eða nemanda er boðið að geyma síma á skrifstofu skólans og sækja í lok skóladags.
- iii. Ef nemandi neitar að afhenda símann / fara eftir símareglum eru foreldrar kallaðir til.

A öðrum svæðum skólans utan kennslustofu:

- iv. Nemandi er boðið að geyma síma á skrifstofu skólans og sækja í lok skóladags.
- v. Fari nemandi ekki að tilmælum eða verði ítrekað uppvís að óheimilli símanotkun verður farið með það mál eins og um aðra óásættanlega hegðun sbr. bls. 14

Sáttmáli nemenda um upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu

- Við nýtum tæknina á uppbyggilegan hátt við nám og kennslu
 - Við virðum verkstjórnarhlutverk kennara í kennslustundum *
 - Við virðum rétt félaga okkar til að stunda nám sitt án truflunar*
 - Við virðum rétt kennara til að kenna án truflunar
 - Við óskum eftir leyfi kennara ef við viljum nota tölvur eða önnur samskiptatæki í kennslustund
- *Óheimilt er að taka upp myndir/myndbönd nema með sérstöku leyfi starfsfólks.

Regla 3: Nemendur mæta stundvíslega í skólann og fara eftir leiðsögn kennara og annarra starfsmanna.

Regla 3 – Nánari útfærsla

- a. Nemendur temja sér stundvísni.
- b. Nemendur eru á skólalóð á skólatíma.
- c. Nemendur og foreldrar þekkja vel til skolasóknarreglna skólans.

Viðbrögð: Ef nemandi virðir ekki reglu 3 (a-c)

- i. Umsjónarkennari ræðir við nemandann, skráir samtalið í dagbók Mentor og upplýsir þar með aðstandendur, kennara og skólastjórnendur eftir atvikum.
- ii. Umsjónarkennari boðar aðstandendur og nemandi til fundar. Fundar getið í dagbók Mentor.
- iii. Einu sinni á önn getur nemandi, með samþykki foreldra, sótt um hækkun á ástundunareinkunn til umsjónarkennara á þar til gerðu eyðublaði.
- iv. Samkvæmt lögum eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra sæki skóla. Skólastjórnendum ber að vísa ófullnægjandi skolasókn nemenda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda.
- v. Í Brekkuskóla eru fjarvistir og óstundvísni skráðar í Mentor og þar safnast upp stig sem segja til um ástundun nemenda.
- vi. Nemendur byrja með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs en hún lækkar síðan ef stig safnast.

1. þrep - 10 stig

Umsjónarkennari ræðir við nemandann og sendir upplýsingar um skolasókn til foreldra/forráðamanns.

2. þrep - 20 stig

Kennari ræðir aftur við nemandann, leitar orsaka fyrir vandanum og leitar lausna með honum. Haft er samband við foreldra.

3. þrep - 30 stig

Þegar nemandi er kominn með 30 stig eru foreldrar boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem er leitað að leiðum til úrbóta.

4. þrep - 40 stig

Þegar nemandi fer yfir 40 stig er málinu vísað til nemendaverndarráðs skóla sem m.a. getur óskað eftir aðstoð fræðslu- og velferðarsviðs. Fagfólk þessara svíða vinnur áfram með málið í samstarfi við skóla. Málastjóri skipaður úr röðum félags- eða skólaþjónustu.

5. þrep - 60 stig

Barnavernd fer með mál.

Fjarvistir

Komi nemandi ekki í kennslustund skal færa **F** í ástundun í Mentor. Við hverja fjarvist úr tíma fær nemandi 2 stig. Ef nemandi er fjarverandi án leyfis í heilan dag, skal umsjónarkennari hans/deildarstjóri leita skýringa á því og meta síðan fjarveru hans til frádráttar, þó ekki meira en frádráttarreglur segja til um.

Seinkomur

Komi nemandi of seint í kennslustund skal færa **S** í ástundun í Mentor. Við hverja seinkomu fær nemandi 1 stig.

Brottrekstur úr kennslustund

Fyrir brottrekstur úr kennslustund fær nemandi 3 stig.

Regla 4: Nemendur ganga vel um skólann, eigur sínar og annarra

Regla 4 – Nánari útfærsla

- a) Á göngum og í kennslustofum skólans: Nemendum ber að ganga hljóðlega um skólahúsnæðið og sýna tillitsemi. Sú regla að ganga hægra megin á göngum skal viðhöfð. Nemendur leggja sig fram um að halda skólanum og umhverfi hans snyrtilegu. Nemendur ganga frá eftir sig í þeim rýmum sem þeir eru í hverju sinni.
- b) Nemandi skemmir hvorki eigur né húsnæði skóla.
- c) Námsgögn: Nemendum ber að ganga vel um námsgögn.
- d) Skófatnaður og yfirhafnir: Farið er úr skóm í forstofum og þeim komið fyrir í skóhillum. Undantekningar eru gerðar á jólaskemmtunum og árshátíð. Snagar fyrir yfirhafnir eru á göngum fyrir framan kennslustofur. Nemendur eru hvattir til að skilja ekki eftir verðmæti í yfirhöfnum eða töskum. Mælst er til að fatnaður og áhöld í eigu nemenda séu vel merkt. Óskilafatnaði er safnað saman á tiltekna staði í skólanum. *Nemendur bera ábyrgð á öllum hlutum og fatnaði sem þeir koma með í skólann.*
- e) Mataraðstaða – matsalur: Nemendur skulu neyta matar í matsal skólans. Hver nemandi gengur frá þeim áhöldum sem hann notar í matartínum. Allir nemendur skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði. Símar eru ekki leyfðir í matsal á milli klukkan 11:00 og 13:00

Viðbrögð ef nemandi virðir ekki reglu 4:

- i. Umsjónarkennari og /eða starfsfólk skólans áréttar ábyrgð nemanda á umgengni.
- ii. Nemandinn kallaður til af starfsmanni og láttinn ganga frá eftir sig.
- iii. Rætt við nemanda um mikilvægi snyrtilegs umhverfis.
- iv. Nemandi skal taka þátt í lagfæringu skemmda og endurbótum.
- v. Umsjónarkennara og aðstandanda gerð grein fyrir málinu. Atviks getið í dagbók Mentor

Ef ofangreind atriði í reglu 4 leiða ekki af sér ásættanlega lausn:

- i. Umsjónarkennari ásamt skólastjórnanda boðar aðstandendur og nemanda til fundar um málið. Fundar getið í dagbók Mentor og fundargerð sett þar inn.

Regla 5: Nemendur sýna kurteisi, tillitssemi og bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum

Regla 5 – Nánari útfærsla

- Nemendur ganga rólega um skólann og hægra megin á gönguleiðum.
- Nemendur temja sér ávallt kurteisi, vinsemð og hjálpssemi í garð annarra.
- Mæti nemandi of seint til kennslustundar biðst hann afsökunar og gengur hljóðlega til verka og truflar ekki aðra.
- Nemendur temja sér viðeigandi orðbragð og forðast móðganir og blótsyrði.
- Nemendur fara eftir fyrirmælum allra starfsmanna skólans.

Viðbrögð ef nemandi virðir ekki reglu 5:

- Starfsmaður/kennari ræðir við nemanda. Kennari skráir í dagbók Mentor og upplýsir þar með umsjónarkennara/aðstandendur.

Ef ofangreind atriði í reglu 5 leiða ekki af sér ásættanlega lausn:

- Umsjónarkennari ásamt skólastjórnda boðar aðstandendur og nemanda til fundar um málið. Fundar getið í dagbók Mentor.

Regla 6: Nemendur virða reglur í kennslustofum

Regla 6 – Nánari útfærsla

- Kennarinn er verkstjóri og nemendur lúta verkstjón hans.
- Nemendur sýna almenna kurteisi, vinnusemi og taka tillit til annarra.
- Nemendur gefa merki þegar bera á upp spurningu í kennslustundum eða á sal.

Viðbrögð: Ef nemandi virðir ekki reglu 6 (a-c):

- Kennari ræðir við nemanda og aðvarar hann um leið ásamt því að benda honum á uppbyggjandi leiðir til betri framkomu.
- Kennari getur látið nemanda fást við önnur verkefni.
- Kennari getur vísað nemanda úr tíma í annað úrræði innan skólans.
- Skólastjórndi/kennari getur óskað eftir því að aðstandendur sækí nemandann.
- Hafi nemanda verið vísað úr tíma á hann ekki rétt til setu í öðrum kennslustundum fyrr en hann og sá kennari sem vísaði honum úr tíma hafa náð saman um ástæður og framhald samstarfsins.
- Í öllum tilvikum (i-vi) skal upplýsa aðstandendur um málsatvik og geta atburðar í dagbók Mentor.

Regla 7: Nemendur neyta ekki tóbaks, nikótíns, áfengis eða annarra vímuefna í skólanum né hvar sem þeir eru á vegum skólans.

Regla 7 – Nánari útfærsla

- Notkun rafsigarettina (vape) og notkun hverskyns nikótíns er með öllu óheimil í skólanum, á skólalaði og í ferðum á vegum skólans.
- Notkun, neysla og meðhöndlun vímuefna er með öllu óheimil í skólanum, á skólaláði og í ferðum á vegum skólans.

Viðbrögð: Ef nemandi virðir ekki reglu 7 (a-b):

- Umsjónarkennari / skólastjórndi boða nemanda og og forráðamenn til fundar. Fundargerð skráð í dagbók nemanda í Mentor.
- Berist skólanum upplýsingar um neyslu (sbr. 7a, 7b) ber að upplýsa forráðamenn um það.

- iii. Leiki grunur á að nemandi sé undir áhrifum vímuefna í skólanum skal unnið skv. verklagsreglum Akureyrarbæjar.

ALMENNAR UMGEGNISREGLUR

Skólabjalla

Skólabjalla hringir kl. 8 að morgni svo og við lok frímínútna. Nemendum ber að virða þessar hringingar og mæta stundvíslega í kennslustundir.

Nemendur eiga að vera í skólanum á skólatíma

Ætlast er til þess að nemendur séu í skólabyggingunni eða á skólalóð á skólatíma. Undanskildar eru ferðir í íþróttahús, sundlaug og vettvangsferðir.

Nesti

Brekkuskóli stefnir á að verða heilsueflandi grunnskóli. Nemendur eru hvattir til þess að hafa með sér hollt og gott nesti.

Reiðhjól og hjólateiktæki

Barn yngra en níu ára má ekki hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Það er mjög mikilvægt að gengið sé frá hjólum við skólann. Reiðhjól og önnur hjólateiktæki eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð forráðamanna að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað. Umferð reiðhjóla á skólalóð á skólatíma er bönnuð. Umferð annarra hjólateiktækja en reiðhjóla á skólalóð miðast eingöngu við frímínútur og hádegi á malbikaða vellinum austan megin við aðalbyggingu. Rampar eru eingöngu fyrir hjólabretti, línuskauta og hlaupahjól. Því miður er ekki hægt að geyma hjólateiktæki inni í skólanum.

Reglur á römpum við Brekkuskóla

- Ramparnir eru fyrir þá sem eru á **hjólabrettum, línuskautum og hlaupahjólum**.
- Vélknúin hlaupahjól eða önnur tæki eru ekki leyfð.
- Það er ekki í boði að vera á eða hlaupa um á römpunum þegar nemendur eru þar á **hjólabrettum, línuskautum og hlaupahjólum**.
- Notendur verða alltaf að nota hjálm og annan hlífðarbúnað.
- Við göngum vel um rampana okkar.

Leiksvæði og leikjahandbók

Skólalóðinni er skipt niður í ólík leiksvæði til að koma til móts við sem flestar þarfir nemenda. Útbúin hefur verið leikjahandbók af íþróttakennum skólans. Í bókinni eru leiksvæðin merkt og hugmyndir að leikjum koma fram fyrir hvert svæði. Starfsfólk er hvatt til að virkja nemendur í leik á leiksvæðum.

Sælgæti og gosdrykkir

Nemendum er ekki leyfilegt að neyta sælgætis eða gosdrykkja í skólanum nema með sérstöku leyfi skólastjórnenda.

LEIÐIR UPPBYGGINGASTEFNUNNAR VARÐANDI UMGENGNI OG SKÝR MÖRK

HVAÐ ER ÆSKILEG HEGÐUN?

Ætlast er til að nemandi mæti stundvíslega og vel undirbúinn í skólann, þar sem hann er reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni, þiggja leiðsögn og taka virkan þátt í viðfangsefnum skólastarfsins.

Nemanda er ætlað að ganga vel um skólann sinn og láta sér annt um að samskipti í skólanum séu vinsamleg og til þess fallin að auka samkennd og öryggi nemenda og annarra sem í skólanum starfa.

Nemandi sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni, orðum og gjörðum.

Til að ná þessum markmiðum þarf að skilgreina hvað telst æskileg hegðun og hvað ekki.

DÆMI UM ÆSKILEGA HEGÐUN NEMANDA

Stuðlað er að æskilegri hegðun með verkfærum Uppbyggingastefnunnar eins og með bekkjarfundum, gerð bekkjarsáttmála, gerð T- spjalda og Y-spjalda, en einnig með því að nemendur læri að þekkja þarfir sínar og annarra. Í yngri árgögum er fjallað um það hvernig hegðun einkennist eftir litum.

Nemendur eiga að geta notið ávaxta góðrar hegðunar sinnar og sjálfstjórnar.

Nemandi:

- hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gerðum
- sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu, kurteisi og tillitsemi
- gerir sér far um að leysa úr ágreiningi, sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis
- gerir sér far um að setja sig í spor annarra
- fer vel með þau verðmæti sem honum er trúað fyrir, gengur vel um skólann og umhverfi hans
- virðir eigur annarra
- fer að fyrirmælum starfsfólks
- leggur sig ávallt fram við námið og sýnir metnað í að gera sitt besta
- virðir verk sín og vandar frágang á verkefnum sínum
- mætir stundvíslega, undirbúinn og með þau gögn sem nota þarf
- virðir bekkjarsáttmála



HVAÐ ER ÓÁSÆTTANLEG HEGÐUN?

Til að nemendur átti sig betur á því hvar mörkin milli æskilegrar og óásættanlegrar hegðunar liggja, verða nemendur að gera sér grein fyrir hvað telst óásættanleg hegðun.

DÆMI UM ÓÁSÆTTANLEGA HEGÐUN NEMANDA

Við sættum okkur ekki við að nemandi:

- eyðileggi, hindri eða truflí skólastarf, vinnu nemenda eða starfsfólks
- láti sér ekki segjast við vinsamlegar ábendingar
- gangi í eigur annarra, skemmi eða steli
- valdi öðrum kvíða og öryggisleysi
- ógni öryggi annarra einstaklinga sem starfa í skólanum, nemenda eða starfsmanna
- noti eða hafi undir höndum tóbak eða aðra vímugjafa



LÖGBROT

Við líðum ekki lögbrot

- svo sem skemmdarverk, þjófnað, ofbeldi, vímuefnnotkun, alvarlegar hótanir eða annað ofbeldi
- Við lögbrot er alltaf farin leið 2, sjá bls. 10



SKRÁNINGAR Í MENTOR

- Að öllu jöfnu er haft samband við foreldra/forráðamenn ef nemandi sýnir óásættanlega hegðun eða brýtur lög. Þá er leitað eftir samvinnu um úrvinnslu mála. Atvik eru alltaf skráð í dagbók nemanda í Mentor samkvæmt viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.

Þetta er gert samkvæmt 3., 4. og 5. gr. *reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*

VIÐ SETJUM SKÝR MÖRK

Í Brekkuskóla setjum við skýr mörk á milli þeirrar hegðunar sem er æskileg og þeirrar hegðunar sem ekki er hægt að sætta sig við. Hegðun sem byggir á stjórnléysi er óásættanleg en hegðun sem byggir á sjálfstjórn er æskileg.




HVAÐ GERIST EF HEGÐUN ER ÓÁSÆTTANLEG?

Nemandinn fær val um **tvær leiðir til lausnar** á málum sínum:

Leið 1) Hann getur valið um að fara milda og árangursríka leið - uppbyggingu

Leið 2) Hann velur að taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna - viðurlögum.



LEIÐ 1 - LEIÐ TIL LAUSNAR – UPPBYGGING

Nemendur geta valið leið til lausnar ef hegðun þeirra reynist óásættanleg. Við í Brekkuskóla viljum vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkestir frá samskiptum, tilbúnir til að líta í eigin barm og ná betri stjórн á eigin hegðun.

Allir geta gert mistök

Þeir sem starfa í Brekkuskóla eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um nemendur og allt starfsfólk skólans.

Mistök er hægt að leiðréttu

Besta leiðin til þess að vinna sig út úr vanda er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa - gera áætlun um að leiðréttu þau - og læra þannig betri leið sem nýtist viðkomandi við svipaðar aðstæður.

Ferli agamála í kennslustund - fyrstu mistök:

1. Kennari áminnir nemanda og gefur honum tækifæri til að ná stjórн á eigin hegðun og leiðréttu mistök sín (finna leið sem bætir hegðun, sættir sjónarmið og nýtir "stutt inngríp")
2. Ef nemandi heldur uppteknum hætti ræðir viðkomandi kennari frekar við nemandann um leiðir að lausn við fyrsta tækifæri og gerir með honum áætlun til uppbyggingar
3. Atvik er skráð í Mentor ásamt áætlun samkvæmt viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.
4. Viðkomandi kennari fylgir uppbyggingaráætluninni eftir með viðtali/viðtölum eftir atvikum.

Endurtekin óásættanleg hegðun í kennslustundum / Nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun:

Leið 2 farin

Inngrip vegna hættuástands:

- Ástand metið. Nemendum og starfsfólk forðað frá hættu. Kallað eftir aðstoð.
- Leið 2 farin strax - sjá bls. 10
- Skráning fer fram skv. 13. og 14. gr. *reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum*

DÆMI UM UPPBYGGINGU

Á göngum skólans, skólasafni, mótneyti, íþróttamanvirkjum og á skólalóð:

1. Starfsmenn skólans gefa nemanda tækifæri til að bæta hegðun sína með "stuttu inngrípi"
2. Haldi nemandi uppteknum hætti og sýni neikvæða hegðun áfram víesar starfsmaður honum til umsjónarkennara sem gerir uppbyggingaráætlun með nemandanum og viðkomandi starfsmanni við fyrsta tækifæri
3. Þeir sem hlut eiga að máli fá upplýsingar um áætlun nemandans sem skráð er í Mentor
4. Áætluninni er fylgt eftir með viðtali/viðtölum hjá umsjónarkennara

ÁBYRGÐ, RÉTTINDI OG SKYLDUR STARFSFÓLKS SKÓLA

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólk og gæta þagmælsku. Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra.

Úr 3. gr. *reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*

ÁBYRGÐ, RÉTTINDI OG SKYLDUR NEMENDA

Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendur eiga rétt að láta skoðanir sínar í ljós og fá að tjá sig ef fundið er að hegðun þeirra skv. 4. gr. *reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*

ÁBYRGÐ, RÉTTINDI OG SKYLDUR FORELDRA

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna, þar með talið hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólk. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og upplýsa starfsmenn skóla um þætti sem kunna að hafa áhrif á ástundun og hegðun.

Foreldrum ber ásamt nemanda að taka þátt í meðferð mála sem upp kunna að koma. Þessi atriði byggjast á 5. gr. *reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*

LEIÐ 2 - ENDURTEKIN ÓÁSÆTTANLEG HEGÐUN

NEMANDI ÞIGGUR EKKI TILBOÐ UM AÐ GERA UPPBYGGINGARÁÆTLUN

Ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun eða ef áætlun stenst ekki, er málum vísað til umsjónarkennara eða stjórnenda sem taka ákvörðun um næsta skref. Í flestum tilvikum er boðað sem fyrst til fundar með foreldrum viðkomandi nemanda. Þá taka oftast við aðgerðir sem byggja ekki á sjálfstjórn nemanda heldur skilyrðum og eftirliti.

Dæmi um úrræði þegar nemendur geta ekki eða vilja ekki leiðréttu hegðun sína og snúa sterkari til starfa á ný:

- gerður samningur með skilyrðum
- reglulegir stöðufundir með umsjónarkennara / foreldrum
- fundur með öllum kennurum viðkomandi nemanda
- vísað til Nemendaverndarráðs
- tilvísun í sérúrræði
- tilvísun til skolasálfræðings (með sampykki foreldra)
- stundaskrá nemanda skert (títabundið)
- nemanda er boðin aðstoð námsráðgjafa
- foreldrar fylgja nemanda í kennslustundir
- sérstakt eftirlit í frímínútum
- brottvísun úr tíma og foreldri sækir nemanda. Nemandi mætir ekki aftur hjá viðkomandi kennara fyrr en að afloknum fundi þar sem leitað er eftir samstarfi við foreldra og nemanda um bætta hegðun í skólastarfinu
- brottvísun um stundarsakir vegna ítrekaðra og/eða alvarlegra brota á skólareglum. Þegar um brottvísun er að ræða er unnið meðal annars skv. 12. gr. *reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum*

Ávallt er brugðist við með skýrum hætti við alvarlegu broti.


LÖGBROT / ALVARLEG AGABROT



VIÐURLÖG

- Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til. Nemanda er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin. Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að einni kennsluviku án þess að nemanda sé útvegað annað skólaúrræði. Skólinn vinnur samkvæmt verlagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota
- Þegar um lögbrot eða alvarlegt agabrot er að ræða er unnið samkvæmt *reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum*. Nemendur eru ekki sakhaefir fyrr en þeir hafa náð 15 ára aldri samkvæmt fæðingarvottorði. Mál sem berast lögreglu berast sjálfkrafa til barnaverndaryfirvalda

ÞARFAHRINGURINN



Samkvæmt Uppbyggingarstefnunni þurfum við reglulega að uppfylla meðfæddar grunnþarfir okkar fyrir að tilheyra, hafa áhrif, njóta frelsis og gleði til að geta verið lífsglöð, hamingjusöm og örugg. Orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar er sú að einstaklingurinn nær ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt.

Hugmyndin með flokkun grunnþarfanna er sú að kennarar og nemendur eigi auðveldara með að greina og skilja ólíkar þarfir. Nemendur læra að þekkja tilfinningar sínar, ná meiri sjálfstjórn og kennarinn getur betur komið til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

Nemendur læra hverjar grunnþarfirnar fimm eru.

Nemendur þjálast í að skoða hvernig þeir geta uppfyllt þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á þeim sem í kringum þá eru. Þeir þjálast líka í að ræða um þarfir sínar og tilfinningar og að leysa ágreining á jákvæðan hátt.

Dæmi um birtingarmyndir grunnþarfanna:

Við renum að mæta mismunandi þörfum nemenda.

Rík þörf fyrir að tilheyra:	Rík þörf fyrir áhrif:
<ul style="list-style-type: none"> Félagar skipta mig miklu Finnst gaman í hópvinnu Vill hafa skipulag á hlutunum Vill ekki gera mistök Líkar vel við keppni 	<ul style="list-style-type: none"> Vil hafa stjórnina Fylgist vel með áður en ég prófa nýtt Stressast ef mér mistekst Er mjög skipulagður Þarf helst að vera bestur
Rík þörf fyrir frelsi:	Rík þörf fyrir gleði:
<ul style="list-style-type: none"> Vil hafa valmöguleika Þarf að vera á ferðinni Hef gaman af tilraunum Er sama hvað öðrum finnst Vil prófa nýja spennandi hluti 	<ul style="list-style-type: none"> Verð að njóta vinnunnar Einbeiti mér ef mér finnst gaman Vil leika trúð, vera fyndinn Skemmti mér, jafnvel þótt ég sé skammaður
Rík þörf fyrir öryggi:	
<ul style="list-style-type: none"> Húsnaði, fæði, heilsa, klæði, hvíld, hreyfing, kynþörf, kynhneigð og afkoma 	
Við tökum mið af því að allir nemendur þurfa að finna fyrir öryggi.	

Í BREKKUSKÓLA VILJUM VIÐ:

- skapa þannig umhverfi, í samráði við nemendur og foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru að takast á við eigin framtíð

